

TILSKIPUN RÁÐSINS (ESB) 2018/131

2020/EES/54/19

frá 23. janúar 2018

um framkvæmd samningsins sem Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) hafa gert með sér um breytingar á tilskipun 2009/13/EB í samræmi við breytingarnar frá 2014 á samþykktinni um vinnuskilyrði farmanna, 2006, eins og þær voru samþykktar á Alþjóðavinnumálaþinginu þann 11. júní 2014 (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 155. gr. í tengslum við a-, b- og c-lið 1. mgr. 153. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 2. mgr. 155. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins geta aðilar vinnumarkaðarins farið sameiginlega fram á það að samningum, sem þeir gera á vettvangi Sambandsins, sé komið til framkvæmda með ákvörðun ráðsins, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.
- 2) Með tilskipun ráðsins 2009/13/EB ⁽¹⁾ var komið til framkvæmda samningi Samtaka skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Sambands félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) frá 19. maí 2008 um að fella lögboðin ákvæði samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um vinnuskilyrði farmanna, 2006 („samþykktin um vinnuskilyrði farmanna“) inn í lög Sambandsins, í því skyni að uppfæra gildandi löggjöf Sambandsins til samræmis við þær viðmiðanir samþykktarinnar um vinnuskilyrði farmanna sem voru hagstæðari fyrir farmenn. Hún miðaði að því að bæta vinnuskilyrði farmanna, einkum að því er varðar ráðningarsamninga, vinnutíma, heimsendingu, starfsframa og bættu fagkunnáttu, vistarverur og tómsundaaðstöðu, fæði og þjónustu áhafna, heilsuvernd og öryggi, læknishjálp og málsmeðferð um kvartanir.
- 3) Eftir fundi alþjóðlegra sérfræðinga hóf Alþjóðavinnumálastofnunin það ferli að breyta samþykktinni um vinnuskilyrði farmanna í því skyni að taka á áhyggjuefnum varðandi það að farmenn séu skildir eftir og fjárhagslega tryggingu annars vegar og varðandi kröfur sem tengjast andláti eða langtímafötlun farmanna hins vegar. Sérstaka þríhliða nefndin, sem komið var á fót samkvæmt samþykktinni um vinnuskilyrði farmanna, samþykkti tvær breytingar varðandi þessi mál á fundi sínum 7.–11. apríl 2014. Hluti af reglunum sem breytingarnar náðu til féllu undir valdsvið Sambandsins og vörðudu atriði sem Sambandið hafði samþykkt reglur um, einkum á sviði félagsmálastefnu og flutninga. Hinn 26. maí 2014 samþykkti ráðið því ákvörðun 2014/346/ESB ⁽²⁾, sem setti fram þá afstöðu sem taka skyldi fyrir hönd Sambandsins á 103. fundi Alþjóðavinnumálaþingsins (ILC). Afstaða Sambandsins var sú að styðja að breytingarnar á kóða samþykktarinnar um vinnuskilyrði farmanna („breytingarnar frá 2014 á samþykktinni um vinnuskilyrði farmanna“) yrðu samþykktar.
- 4) Alþjóðavinnumálaþingið samþykkti breytingarnar frá 2014 á samþykktinni um vinnuskilyrði farmanna á 103. fundi sínum í Genf þann 11. júní 2014 og þær öðluðust gildi 18. janúar 2017. Þær snúast um að koma á skilvirku kerfi um fjárhagslega tryggingu til verndar réttindum farmanna ef þeir eru skildir eftir og til að tryggja bætur á grundvelli samningskrafna vegna andláts eða langtímafötlunar farmanna vegna vinnuslysa, veikinda eða hættu. Þær bæta og besta núverandi kerfi til verndar farmönnum, þ.m.t. þá skyldu skipa að hafa gögn um kerfi um fjárhagslega tryggingu um borð og að útvíkka kerfið svo það nái yfir tvö konar nýjar aðstæður þar sem farmenn eru skildir eftir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 22, 26.1.2018, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2020 frá 14. Júlí 2020 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Tilskipun ráðsins 2009/13/EB frá 16. febrúar 2009 um framkvæmd samnings sem Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) hafa gert með sér um samþykktina um vinnuskilyrði farmanna, 2006, og um breytingu á tilskipun 1999/63/EB (Stjútíð. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 30).

(2) Ákvörðun ráðsins 2014/364/ESB frá 26. maí 2014 um þá afstöðu sem taka skal fyrir hönd Evrópusambandsins á 103. fundi Alþjóðavinnumálaþingsins varðandi breytingar á kóða samþykktarinnar um vinnuskilyrði farmanna (Stjútíð. ESB. L 172, 12.6.2014, bls. 28).

Slíkar aðstæður tengjast tilvikum þar sem farmenn hafa verið skildir eftir án nauðsynlegrar framfærslu og stuðnings eða tilvikum þar sem skipseigandi hefur einhliða slitið tengsl við farmanninn, þ.m.t. með því að greiða honum ekki umsamin laun í a.m.k. 2 mánuði.

- 5) Hinn 5. desember 2016 gerðu aðilar vinnumarkaðarins í sjóflutningageiranum — Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu — með sér samning („samning aðila vinnumarkaðarins“) um að breyta tilskipun 2009/13/EB í samræmi við breytingarnar frá 2014 á samþykktinni um vinnuskilyrði farmanna. Hinn 12. desember 2016 óskuðu þeir eftir að framkvæmdastjórnin legði fram tillögu um tilskipun ráðsins, skv. 2. mgr. 155. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, til að koma þessum samningi til framkvæmda.
- 6) Samningur aðila vinnumarkaðarins endurspeglar innihald lögboðinna ákvæða breytinganna frá 2014 á samþykktinni um vinnuskilyrði farmanna. Fyrri breytingin, um kerfi um fjárhagslega tryggingu ef til þess kemur að farmaður er skilinn eftir, tengist bæði heilbrigði og öryggi og vinnuskilyrðum og fellur því undir a- og b-lið 1. mgr. 153. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Seinni breytingin, sem varðar kröfur um að kerfið um fjárhagslega tryggingu tryggi bætur vegna andláts eða langtímafötlunar farmanna vegna vinnuslysa, veikinda eða hættu, fellur undir c-lið 1. mgr. 153. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins um félagslegt öryggi og félagslega vernd launafólks. Samningur aðila vinnumarkaðarins tengist því málefnum sem falla undir 153. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og honum má koma til framkvæmda með ákvörðun ráðsins að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við 2. mgr. 155. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Að því er varðar 288. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er tilskipun viðeigandi gerningur til að hringja samningi aðila vinnumarkaðarins í framkvæmd.
- 7) Í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 20. maí 1998 um aðlögun og eflingu skoðanaskipta milli aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Bandalagsins hefur framkvæmdastjórnin metið stöðu undirritunaraðila og lögmæti hvers ákvæðis samnings aðila vinnumarkaðarins.
- 8) Samningur aðila vinnumarkaðarins breytir samningnum frá 19. maí 2008, sem Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu gerðu með sér um samþykktina um vinnuskilyrði farmanna og fylgir með í viðauka við tilskipun 2009/13/EB, og fellur inn í þá tilskipun breytingarnar frá 2014 á samþykktinni um vinnuskilyrði farmanna í því skyni að bæta vinnuskilyrði, heilbrigði og öryggi og félagslega vernd farmanna um borð í skipum sem sigla undir fána aðildarríkis.
- 9) Með breytingunum á tilskipun 2009/13/EB mun samningur aðila vinnumarkaðarins færa lögboðin ákvæði breytinganna frá 2014 á samþykktinni um vinnuskilyrði farmanna, sem þegar falla undir eftirlitskerfi samþykktarinnar um vinnuskilyrði farmanna, undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/54/ESB⁽¹⁾ og eftirlits- og vöktunarkerfisins með lögum Sambandsins, þ.m.t. undir lögsögu Evrópudómstólsins. Líklegt er að þetta leiði til þess að aðildarríkin og skipaeigendur fylgi betur tilskildum ákvæðum.
- 10) Með fyrirvara um ákvæði samnings aðila vinnumarkaðarins um eftirfylgni og endurskoðun af hálfu aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins mun framkvæmdastjórnin hafa eftirlit með framkvæmd þessarar tilskipunar og samnings aðila vinnumarkaðarins.
- 11) Aðildarríkin geta falið aðilum vinnumarkaðarins að koma þessari tilskipun til framkvæmda, hafi þeir síðarnefndu farið sameiginlega fram á það og svo fremi að þau geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að geta ætíð tryggt að þeim árangri, sem þessi tilskipun leitast eftir að ná, verði náð.
- 12) Framkvæmdastjórnin hefur upplýst Evrópuþingið, í samræmi við 2. mgr. 155. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, með því að senda því tillögu sína að þessari tilskipun.
- 13) Í þessari tilskipun eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum 31. gr.
- 14) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að bæta vinnuskilyrði, heilbrigði, öryggi og félagslega vernd starfsmanna í sjóflutningum, sem er geiri sem nær yfir landamæri þar sem starfað er undir fána mismunandi aðildarríkja, og þeim verður frekar betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/54/ESB frá 20. nóvember 2013 um tiltekna skyldur fánaaðildarríkis til að fara að og framfylgja samþykktinni um vinnuskilyrði farmanna, 2006 (Stjtið. ESB L 329, 10.12.2013, bls. 1).

15) Því ætti að breyta tilskipun 2009/13/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun þessi kemur til framkvæmda samningnum sem Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu (ECSA) og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF) gerðu með sér 5. desember 2016 um breytingar á tilskipun 2009/13/EB í samræmi við breytingarnar frá 2014 á samþykktinni um vinnuskilyrði farmanna.

2. gr.

Í samræmi við samning aðila vinnumarkaðarins er samningnum sem Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu gerðu með sér um samþykktina um vinnuskilyrði farmanna, 2006, og sem fram kemur í viðaukanum við tilskipun 2009/13/EB, breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfingarmáli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 16. febrúar 2020. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Aðildarríki geta falið aðilum vinnumarkaðarins að koma þessari tilskipun til framkvæmda, hafi þeir farið sameiginlega fram á það, og svo fremi að aðildarríkin geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að geta ætíð tryggt að þeim árangri, sem þessi tilskipun leitast eftir að ná, verði náð.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. janúar 2018.

Fyrir hönd ráðsins,

V. GORANOV

forseti.

VIÐAUKI

Í viðaukanum við tilskipun 2009/13/EB er samningnum sem Samtök skipaeigenda í Evrópubandalaginu og Samband félaga flutningaverkamanna í Evrópu hafa gert með sér um samþykktina um vinnuskilyrði farmanna, 2006 breytt sem hér segir:

1) Í fyrirsögninni „Viðmiðun A2.5 — Heimsending“ komi „A2.5.1“ í stað „A2.5.“

2) Eftirfarandi viðmiðun bætist við:

„Viðmiðun A2.5.2. — Fjárhagsleg trygging

1. Til framkvæmdar 2. mgr. í reglu 2.5 eru í þessari viðmiðun ákvarðaðar kröfur til að tryggja að fyrir hendi sé skjótvirkt og skilvirkt kerfi um fjárhagslega tryggingu til að aðstoða farmenn í þeim tilvikum þegar þeir eru skildir eftir.
2. Að því er varðar þessa viðmiðun skal farmaður teljast hafa verið skilinn eftir ef brotið er í bága við kröfur þessa samnings eða skilmála ráðningarsamnings farmanns og skipseigandi:
 - a) vanrækir að bera kostnað af heimsendingu farmannsins eða
 - b) lætur farmanninn standa uppi án nauðsynlegrar framfærslu og stuðnings eða
 - c) hefur á annan hátt einhliða slitið tengsl sín við farmanninn, þ.m.t. með því að greiða honum ekki umsamin laun í a.m.k. 2 mánuði.
3. Hvert aðildarríki skal tryggja að kerfi um fjárhagslega tryggingu, sem fullnægir kröfum þessarar viðmiðunar, sé til staðar fyrir skip sem sigla undir fána þess. Kerfið um fjárhagslega tryggingu getur verið í formi almannatryggingakerfis, tryggingar, sjóðs á landsvísu eða annars ámóta fyrirkomulags. Aðildarríki skal ákvarða form þess að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök skipseigenda og farmanna.
4. Kerfið um fjárhagslega tryggingu skal veita farmanni, sem starfar á skipi sem siglir undir fána aðildarríkisins og er skilinn eftir, beinan og skjótan aðgang að fullnægjandi fjárhagslegum stuðningi í samræmi við þessa viðmiðun.
5. Að því er varðar b-lið 2. mgr. þessarar viðmiðunar skal nauðsynleg framfærsla og stuðningur við farmenn fela í sér fullnægjandi fæði, húsnæði, birgðir af drykkjarvatni, nauðsynlegt eldsneyti til að lifa af um borð í skipi og nauðsynlega læknishjálp.
6. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að skip, sem sigla undir fána þess, og sem krafist er samkvæmt landslögum að séu með skírteini um vinnuskilyrði farmanna eða gera slíkt að beiðni skipseigenda, hafi um borð skírteini eða önnur gögn um fjárhagslega tryggingu sem sá sem veitir fjárhagslega tryggingu hefur gefið út. Afrit skal fest upp á áberandi stað um borð þar sem farmenn hafa aðgang að því. Ef um er að ræða fleiri en einn, sem veitir fjárhagslega tryggingu, skal vera um borð skjal sem hver þeirra lætur í té.
7. Skírteini eða önnur gögn um fjárhagslega tryggingu skulu vera á ensku eða ensk þýðing fylgja með og innihalda eftirfarandi upplýsingar:
 - a) heiti skips,
 - b) skráningarhöfn skips,
 - c) kallmerki skips,
 - d) IMO-númer skips,
 - e) nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem veita fjárhagslega tryggingu,
 - f) samskiptaupplýsingar einstaklinga eða aðila sem bera ábyrgð á meðhöndlun á beiðnum farmanna um aðstoð,
 - g) nafn skipseiganda,
 - h) gildistíma fjárhagslegrar tryggingar og
 - i) staðfestingu frá þeim sem veitir fjárhagslegu trygginguna um að hún uppfylli kröfur þessarar viðmiðunar A2.5.2.
8. Aðstoð samkvæmt kerfinu um fjárhagslega tryggingu skal veitt þegar í stað, að beiðni farmanns eða tilnefnds fulltrúa hans sem studd skal nauðsynlegum rökum varðandi rétt farmanns til stuðnings í samræmi við 2. mgr. þessarar viðmiðunar.

9. Með hliðsjón af reglu 2.5 skal aðstoð frá kerfinu um fjárhagslega tryggingu vera fullnægjandi svo hún taki til eftirfarandi:
- útistandandi launa og annarra réttinda sem skipseiganda ber að veita farmönnum samkvæmt ráðningarsamningi þeirra, viðkomandi almennum kjarasamningi eða landslögum í fánaríki, sem takmarkast við 4 mánuði af slíkum útistandandi launum og 4 mánuði af slíkum útistandandi réttindum,
 - allra eðlilegra útgjalda, sem farmaður stofnar til, þ.m.t. kostnaðar við heimsendingu sem um getur í 10. mgr. þessarar viðmiðunar og
 - nauðsynlegra þarfa farmannsins, þ.m.t. atriða eins og fullnægjandi fæðis, fatnaðar ef þörf krefur, húsnæðis, birgða af drykkjarvatni, nauðsynlegs eldsneytis til að lifa af um borð í skipi, nauðsynlegrar læknishjálpar og hvers kyns annars sanngjarns kostnaðar eða greiðslna frá því að sú athöfn eða athafnaleysi, sem leiddi til þess að farmaðurinn var skilinn eftir, átti sér stað og þar til hann kemst til síns heima.
10. Kostnaður við heimsendingu skal taka til ferðalags á viðeigandi og skjótan hátt, yfirleitt með flugi, og felur í sér að sjá farmanni fyrir fæði og húsnæði frá því farið er frá borði þar til farmaður kemst heim til sín, nauðsynlega læknishjálpar, gegnumferð og flutning persónulegra eigna og annan sanngjarnan kostnað eða greiðslur sem orsökdust af því að hann var skilinn eftir.
11. Fjárhagsleg trygging skal ekki falla niður fyrir lok gildistíma hennar nema sá sem veitir fjárhagslega tryggingu hafi tilkynnt það lögbæru yfirvaldi fánaríkisins með a.m.k. 30 daga fyrirvara.
12. Ef sá sem veitir váttryggingu eða aðra fjárhagslega tryggingu hefur innt af hendi einhverja greiðslu til farmanns í samræmi við þessa viðmiðun skal hann, upp að þeirri fjárhæð sem hann hefur greitt og í samræmi við gildandi lög, afla með kröfuhafaskiptum, framsali eða á einhvern annan hátt, réttinda sem farmaður hefði notið.
13. Ekkert í þessari viðmiðun skal hafa áhrif á endurkröfurétt váttryggjanda eða þess sem veitir fjárhagslega tryggingu gegn þriðju aðilum.
14. Ákvæðum þessarar viðmiðunar er hvorki ætlað að vera tæmandi né hafa áhrif á önnur réttindi, kröfur eða úrræði, sem kunna einnig að standa farmönnum til boða til að bæta þeim það upp þegar þeir eru skildir eftir. Í landslögum og reglugerðum er heimilt að kveða á um að fjárhæðir sem greiða ber samkvæmt þessari viðmiðun, megi jafna á móti fjárhæðum frá öðrum aðilum vegna réttinda, krafna eða úrræða sem kunna að vera tilefni til bóta samkvæmt þessari viðmiðun.“
- 3) „Viðmiðun A4.2 — Ábyrgð skipaiegenda“ er breytt sem hér segir:
- Í fyrirsögninni komi „A4.2.1“ í stað „A4.2.“
 - Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„8. Í landslögum og reglugerðum skal kveðið á um að kerfi um fjárhagslegar tryggingar, sem tryggir bætur eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. þessarar viðmiðunar á grundvelli sammingskrafna, eins og skilgreint er í viðmiðun A4.2.2, uppfylli eftirfarandi lágmarkskröfur:

 - sammingsbundnar bætur, sem settar eru fram í ráðningarsamningi farmanns, skulu, með fyrirvara um c-lið þessarar málsgreinar, greiddar að fullu og án tafar,
 - ekki skal vera neinn þrýstingur á að samþykka greiðslu sem er lægri en sammingsbundna fjárhæðin,
 - þar sem eðli langtímafötlunar farmanns torveldar að meta fullar bætur, sem farmaður kann að eiga rétt á, skal farmaður fá áfangagreiðslu eða -greiðslur til að forðast óþarfa þrengingar,
 - í samræmi við 2. mgr. í reglu 4.2 skal farmaðurinn fá greiðslu, án þess að það hafi áhrif á annan lagalegan rétt, en skipseigandi getur jafnað slíka greiðslu á móti hvers konar skaðabótum á grundvelli annarrar kröfu sem farmaður hefur gert á hendur skipseiganda og á rætur að rekja til sama atviks og
 - krafa um sammingsbundnar bætur má koma beint frá viðkomandi farmanni eða nánasta aðstandanda hans eða frá fulltrúa farmanns eða tilnefndum móttakanda.

9. Í landslögum og reglugerðum skal séð til þess að farmenn fái tilkynningu fyrirfram ef fyrirhugað er að afturkalla fjárhagslega tryggingu skipseiganda eða fella hana úr gildi.
 10. Í landslögum og reglugerðum skal séð til þess að sá sem veitir fjárhagslega tryggingu tilkynni lögbæru yfirvaldi fánaríkis ef fjárhagsleg trygging skipseiganda er afturkölluð eða hún felld úr gildi.
 11. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að skip, sem sigla undir fána þess, hafi um borð skírteini eða önnur gögn um fjárhagslega tryggingu sem sá sem veitir fjárhagslega tryggingu hefur gefið út. Afrit skal fest upp á áberandi stað um borð þar sem farmenn hafa aðgang að því. Ef um er að ræða fleiri en einn, sem veitir fjárhagslega tryggingu, skal vera um borð skjal sem hver þeirra lætur í té.
 12. Fjárhagsleg trygging skal ekki falla niður fyrir lok gildistíma hennar nema sá sem veitir fjárhagslega tryggingu hafi tilkynnt það lögbæru yfirvaldi fánaríkisins með a.m.k. 30 daga fyrirvara.
 13. Fjárhagslega tryggingin skal tryggja greiðslu allra sammingskrafna sem falla undir hana og koma upp á því tímabili sem skjalið er í gildi.
 14. Skírteini eða önnur gögn um fjárhagslega tryggingu skulu vera á ensku eða ensk þýðing fylgja með og innihalda eftirfarandi upplýsingar:
 - a) heiti skips,
 - b) skráningarhöfn skips,
 - c) kallmerki skips,
 - d) IMO-númer skips,
 - e) nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem veita fjárhagslega tryggingu,
 - f) samskiptaupplýsingar einstaklinga eða aðila sem bera ábyrgð á meðhöndlun á sammingskröfum farmanna,
 - g) nafn skipseiganda,
 - h) gildistíma fjárhagslegrar tryggingar og
 - i) staðfestingu frá þeim sem veitir fjárhagslegu trygginguna um að hún uppfylli kröfur viðmiðunar A4.2.1.“
- 4) Eftirfarandi viðmiðun bætist við:
- „Viðmiðun A4.2.2 — Meðferð sammingskrafna
1. Að því er varðar 8. mgr. í viðmiðun A4.2.1 og þessa viðmiðun merkir hugtakið „sammingskrafa“ hvers konar kröfu sem tengist andláti eða langtímafötlun farmanns vegna vinnuslysa, veikinda eða hættu, eins og kveðið er á um í landslögum, ráðningarsamningi farmanna eða í kjarasamningi.
 2. Kerfi um fjárhagslega tryggingu, eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. í viðmiðun A4.2.1, kann að vera í formi almannatryggingakerfis, tryggingar, sjóðs eða annars svipaðs fyrirkomulags. Aðildarríkið skal ákvarða form þess að höfðu samráði við hlutaðeigandi samtök skipseigenda og farmanna.
 3. Í landslögum og reglugerðum skal séð til þess að til staðar séu skilvirkar ráðstafanir til að taka á móti, meðhöndla og semja af óhlutrægni um sammingskröfur tengdar bótunum, sem um getur í 8. mgr. í viðmiðun A4.2.1, með skjótri og sanngjarnri málsmeðferð.“